

Samkomulag um leikskóladvöl barna, sem flytjast á milli leikskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirfarandi sveitarfélög gera með sér samkomulag um að heimila börnum, sem flytjast milli viðkomandi sveitarfélaga, að dvelja áfram í leikskóla í allt að 6 mánuði frá flutningi lögheimilis, ef gildar ástæður eru fyrir hendi, eða ef ætla má að barn innritist í leikskóla í nýja sveitarfélaginu innan 6 mánaða.

Ef sú þjónusta sem barn þarf á að halda, t.d. vegna fötlunar, finnst ekki í því sveitarfélagi, sem barnið á lögheimili í, er dvölin í þeim tilvikum samkvæmt samkomulagi og ekki bundin við sex mánuði. Sama á við um börn í elsta árgangi.

Foreldrar/forráðamenn barns sækja skriflega um framlengingu á leikskóladvöl til viðkomandi sveitarfélags, en sveitarfélagið sem barnið á nýtt lögheimili í greiðir kostnaðarhlut sveitarfélagsins samkvæmt umsaminni gjaldskrá og þeim innritunar- og afsláttarreglum sem þar gilda. Njóti barn sérstaks stuðnings/sérkennslu er heimilt að innheimta sérstaklega vegna þess aukakostnaðar.

Greiðslur pr. barn á mánuði eru samkvæmt *Viðmiðunarreglum Samband íslenskra sveitarfélaga um greiðslur vegna leikskóladvalar barna utan lögheimilissveitarfélags* og gildir til eins árs í senn. Sjá meðfylgjandi *Viðmiðunargjaldskrá*, dagsett 15. febrúar 2006.

Samkomulagið gildir frá 1. janúar 2008

Garðabær

Hafnarfjarðarbær

Kópavogsbær

Mosfellsbær

Reykjavíkurborg

Seltjarnarnesbær

Sveitarfélagið Álftanes